

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands

Ársreikningur

2025

Skýsla stjórnar	2 - 6
Áritun óháðs endurskoðanda	7 - 9
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	10
Efnahagsreikningur	11
Yfirlit um sjóðstreymi	12
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu	13
Skýringar	14 - 33
Sérgreind yfirlit deilda	34 - 36
Stjórnháttaryfirlýsing	37 - 39

Skýrsla stjórnar

Um Lífeyrissjóð Tannlæknafélags Íslands

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands er ætlaður starfandi tannlæknum og mökum þeirra, sem ekki er að lögum skylt að vera í öðrum lífeyrissjóði. Sjóðurinn skiptist í séreignar- og samtryggingardeild. Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 127/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Hrein eign til greiðslu lífeyris

Hrein eign sjóðsins í árslok 2025 nam kr. 11.175.745.191 og hafði hækkað um kr. 524.693.273.378 frá árslokum 2024. Hrein eign séreignardeildar sjóðsins í árslok 2025 nam kr. 8.084.923.907 og hafði hækkað um kr. 300.907.9344 frá árslokum 2024. Hrein eign samtryggingardeildar sjóðsins í árslok 2025 nam kr. 3.090.821.284 og hafði hækkað um kr. 223.365.444 frá árslokum 2024.

Fjöldi sjóðfélaga, iðgjöld og lífeyrir

Í lok árs 2025 voru 413 sjóðfélagar í séreignardeild og hafði þeim fjölgað um 7 frá fyrra ári. Þá voru 426 sjóðfélagar í samtryggingardeild í árslok 2025 og hafði sjóðfélögum fjölgað um 7 frá fyrra ári.

Lífeyrisþegar séreignardeildar á árinu 2025 voru 81 talsins samanborið við 74 á árinu 2024. Lífeyrisþegar samtryggingadeildar á árinu 2025 voru 48 talsins samanborið við 41 á árinu 2024. Greiddur lífeyrir á árinu 2025 nam samtals kr. 436.826.552 samanborið við kr. 280.372.527 á árinu 2024. Á árinu var greiddur örorkulífeyrir að fjárhæð kr. 8.160.348, makalífeyrir að fjárhæð kr. 13.395.079, barnalífeyrir að fjárhæð kr. 740.406 og ellilífeyrir samtals að fjárhæð kr. 372.497.362.

Á árinu 2025 námu greidd iðgjöld kr. 579.544.647 samanborið við kr. 561.843.419 á árinu 2024. Á árinu 2025 námu greidd iðgjöld í sameignardeild kr. 197.765.506. Iðgjöld í séreignardeild námu kr. 381.779.141 á árinu 2025.

Á árinu voru haldnir 15 formlegir fundir hjá stjórn sjóðsins auk ársfundar sem haldinn var 9. maí 2025 og aukaársfundar sem haldinn var 13. nóvember 2025. Laun til stjórnar og endurskoðunarnefndar námu kr. 6.767.733 á árinu 2025 samanborið við kr. 8.466.246 á árinu 2024.

Ávöxtun ársins 2025

Nafnávöxtun séreignardeildar árið 2025 var 3,6% og samtryggingardeildar 3,4%. Verðbólga á árinu nam 3,7%.

Nafnávöxtun ávöxtunarleiða sjóðsins

	2025	2024	2023
Séreignardeild	3,6%	10,9%	8,7%
Samtryggingardeild	3,4%	10,9%	8,6%

Árið 2025 hófst með jákvæðum takti á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, þar sem væntingar um áframhaldandi vaxtalækkanir og auknar fjárfestingar tæknifyrirtækja í gervigreind knúðu áfram hækkun eignaverðs. Í Evrópu og víða annars staðar raungerðust vaxtalækkanir snemma árs, en í Bandaríkjunum reyndist verðbólga þrálátari en vænst var, sem leiddi til hægar framvindu í lækkunarferli stýrivaxta.

Óvissa jókst í mars þegar Donald Trump, sem hafði tekið við embætti forseta í janúar, kynnti áform um tollahækkanir í samræmi við kosningaloforð. Þessar yfirlýsingar höfðu neikvæð áhrif á markaði, þar sem fjárfestar óttuðust áhrif á alþjóðlegan hagvöxt. Þegar tollahækkanir voru formlega kynntar í byrjun apríl brást markaðurinn með verulegum lækkunum, en þróunin gekk að hluta til til baka á næstu vikum þegar ljóst varð að aðgerðirnar þjónuðu einnig sem samningatæki í alþjóðaviðskiptum. Um miðjan maí höfðu flestir hlutabréfamarkaðir náð fyrra jafnvægi. Á sama tíma veikist Bandaríkjadalur gagnvart helstu gjaldmiðlum; til að mynda lækkaði hann umtalsvert gagnvart íslenskri krónu á fyrri hluta ársins. Þegar árið var gert upp hækkaði heimsvísitala hlutabréfa um rúmlega 20% mælt í USD, en um 9% í ISK, sem endurspeglar áhrif gengisþróunar

Skýrsla stjórnar

Innlendi hlutabréfamarkaðurinn hóf árið með svipuðum hætti en tók að lækka í febrúar og náði lægsta punkti um miðjan apríl, þegar hann hafði lækkað um um 17% frá áramótum. Lækkunin má rekja til samspils innlendra og erlendra þátta, þar á meðal þrálátrar verðbólgu, loðnubrests og aukinnar alþjóðlegrar óvissu. Markaðurinn náði sér að hluta til síðar á árinu, en heildarávöxtun reyndist neikvæð um 7%.

Afkoma einstakra félaga var afar misjöfn. Sjávarútvegsfyrirtæki lækkuðu verulega fyrri hluta ársins en tóku við sér undir lok þess þegar úthlutun loðnukvóta og hagstætt afurðaverð lá fyrir. Lyfjafyrirtækið Alvotech átti undir högg að sækja, meðal annars vegna fjármögnunarþarfar og synjunar Bandaríska lyfjaeftirlitið á umsóknum félagsins um markaðsleyfi. Félagið hefur þó lýst því yfir að brugðist hafi verið við athugasemdum eftirlitsins. Á hinn bóginn átti Oculis gott, þó sveiflukennt, ár og stefnir að umsókn um fyrsta markaðsleyfi síðar. Félög tengd innlendri eftirspurn, svo sem fjármála-, fasteigna- og smásölufyrirtæki, nutu almennt hagstæðra aðstæðna, studd af mikilli einkaneyslu og háu atvinnustigi.

Á innlendum skuldabréfamarkaði skiluðu lækkandi vextir jákvæðri ávöxtun og hækkuðu vísitölur um 7–9%, mismunandi eftir samsetningu. Þróun erlendra skuldabréfamarkaða var ólíkari; svokölluð hávaxtabréf skiluðu góðri ávöxtun framan af ári, en vísibendingar um aukna áhættu komu fram þegar leið á árið.

Verðbólga á Íslandi mældist 5,2% um áramót og jókst frá fyrra ári. Þrátt fyrir nokkrar vaxtalækkningar framan af ári héldust stýrivextir háir lengst af, áður en lítil lækkun átti sér stað undir lok árs. Hins vegar jukust verðbólguhorfur á ný vegna þátta á borð við launþróun, alþjóðlegra átaka og hækkandi orkuverðs, sem leiddi til þess að peningastefnan var hert á ný.

Hagvöxtur á Íslandi árið 2025 nam 1,3% og var að mestu drifinn áfram af einkaneyslu og fjárfestingu, meðal annars í gagnaverum. Þrátt fyrir takmarkaða loðnuvertíð naut sjávarútvegur góðs af háu afurðaverði. Ferðaþjónusta hélt svipuðu umfangi og árið áður, en varð fyrir áfalli þegar Play Air hætti starfsemi, sem hafði tímabundin áhrif á framboð flugs. Aðrir neikvæðir þættir voru meðal annars samdráttur í orkufrekum iðnaði.

Horfur í alþjóðahagkerfinu eru áfram óvissar, ekki síst vegna viðvarandi átaka og hækkandi hrávöruverðs. OECD hefur bent á að hækkandi olíuverð geti ýtt undir frekari verðbólguþrýsting á heimsvísu.

Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg úttekt sjóðsins var unnin af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi. Samkvæmt útreikningum hans eru heildareignir samtryggingadeildar 97,5 m.kr. lægri en heildarskuldbindingar eða sem nemur -1,6%. Áfallin staða er neikvæð um 336,1 m.kr. eða sem nemur -9,8%. Þá eru eignir 238,6 m.kr. hærri en framtíðarskuldbindingar eða sem nemur 8,4%. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt fyrir árið 2024 var heildaskuldbinding sjóðsins neikvæð um 3,8%. Samkvæmt 39. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, má munur á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga ekki vera meiri en 10%. Sama gildir ef munur á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

Stjórnarhættir

Stjórn sjóðsins leggur áherslu á góða stjórnarhætti við daglega stjórnun og rekstur sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett sjóðnum starfsog siðareglur sem mæla fyrir um almennar skyldur stjórnar, starfsmanna sem og annarra aðila sem vinna fyrir hönd sjóðsins. Ber öllum að hafa það að markmiði að stuðla að heiðarleika, réttisyni og sanngirni í viðskiptum og efla traust sjóðfélaga og almennings á sjóðnum. Starfsemi lífeyrissjóðsins byggir á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og öðrum lögum, reglugerðum og reglum sem um starfsemi lífeyrissjóða gilda. Þá starfar sjóðurinn á grundvelli samþykpta sjóðsins og reglna sem sjóðurinn hefur sett sér, s.s. starfs- og siðareglna. Stjórnarháttayfirlýsing vegna starfsemi á árinu 2025 fylgir ársreikningnum.

Skýrsla stjórnar

Áhættustýring

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands fylgir áhættustefnu og áhættustýringarstefnu. Í áhættustefnunni er skilgreindur áhættuvilji og áhættuþol lífeyrissjóðsins, skilgreining á þeim áhættuþáttum sem snerta sjóðinn og hvernig skuli greina, meta, vakta og stýra þeirri áhættu sem sjóðurinn tekur. Í áhættustýringarstefnunni er þeim aðferðum lýst sem sjóðurinn styðst við til að greina, meta og vakta þá áhættuþætti sem áhættustefnan nær til. Áhættuþáttum er snúa að rekstri sjóðsins er skipt í fimm yfirflokka: fjárhagsáhættu, lífeyrstryggingaráhættu, mótaðilaáhættu, lausafjárahættu og rekstraráhættu. Hver yfirflokkur skiptist síðan niður á undirflokka. Eftirlit með áhættuþáttum er á hendi ábyrgðaraðila áhættustýringar lífeyrissjóðsins.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Umhverfisþættir

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands hefur sett sér stefnu um sjálfbærni ábyrgar fjárfestingar. Stefnuna má nálgast á heimasíðu sjóðsins. Stefnan tekur mið af reglum og öðrum stefnum sjóðsins, s.s. fjárfestingarstefnu, áhættustefnu, áhættustýringarstefnu, starfs- og siðareglum og stjórnarháttayfirlýsingu. Tilgangur stefnu lífeyrissjóðsins um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar er að búa til skilvirka og trúverðuga nálgun á álitæfnum er snúa að ábyrgum fjárfestingum en jafnframt leitast við að ná ásættanlegri arðsemi af fjárfestingum sjóðsins. Umhverfis- og samfélagsmál og stjórnarhættir eru allt mikilvægir liðir í mati lífeyrissjóðsins á fjárfestingum. Það er mat lífeyrissjóðsins að fyrirtæki sem taka tillit til þessara þátta í starfsemi sinni njóti ávinnings til lengri tíma litið.

Starfsmannamál

Landsbankinn hf. er rekstraraðili Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands. Á árinu 2025 var framkvæmdastjóri sjóðsins eini starfsmaður hans. Starfsemi lífeyrissjóðsins er að stórum hluta útvistað til Landsbankans hf. Lífeyrissjóðurinn hefur ekki sett sér starfskjarastefnu.

Mannréttindamál

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands hefur ekki sett sér sérstaka stefnu í mannréttindamálum. Stefna lífeyrissjóðsins varðandi ábyrgar fjárfestingar er sett með hliðsjón af reglum um ábyrgar fjárfestingar, Principles for Responsible Investment, (UN PRI) sem eru alþjóðleg samtök fjárfesta sem vinna saman að því að innleiða tiltekin grundvallarviðmið um ábyrgar fjárfestingar og njóta til þess stuðnings Sameinuðu þjóðanna.

Spillingar- og mútumál

Engin spillingar eða mútumál hafa komið upp hjá Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands. Lífeyrissjóðurinn hefur sett sér starfs- og siðareglur sem aðgengilegar eru á heimasíðu sjóðsins. Reglurnar mæla fyrir um almennar skyldur stjórnar, starfsmanna sem og annarra aðila sem vinna fyrir hönd sjóðsins og hafa það að markmiði að stuðla að heiðarleika, réttsýni og sanngirni í viðskiptum og efla traust sjóðsfélaga og almennings á sjóðnum.

Viðskiptalíkan

Starfsemi lífeyrissjóðsins lýtur að móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris. Sjóðurinn skal ekki hafa með höndumaðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til þess að ná þessum tilgangi. Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands er séreignasjóður og býður sem slíkur upp á samþættingu lífeyrisréttinda í samtryggingu og séreign.

Hagsmunaárekstrar

Stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands hefur sett sjóðnum reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum í rekstri sjóðsins. Reglurnar voru síðast uppfærðar á árinu 2024. Markmið reglnanna er að tryggja samræmda greiningu og meðhöndlun á hagsmunaárekstrum og viðhafa árangursríkar ráðstafanir til að koma í veg fyrir og stjórna hvers konar hagsmunaárekstrum sem upp kunna að koma í rekstri lífeyrissjóðsins. Með því að forðast hagsmunaárekstra stuðlar lífeyrissjóðurinn að því að vernda hagsmuni sjóðsins og sjóðfélaga hans. Með hagsmunaárekstrum er átt við þær aðstæður sem upp geta komið þegar hagsmunir aðila sem tengjast starfsemi lífeyrissjóðsins fara ekki saman. Lífeyrissjóðurinn framkvæmir mat á mögulegum hagsmunaárekstrum í tengslum við gerð árlegs áhættumats. Við matið skal m.a. litið til þess hvort aðilar tengdir lífeyrissjóðnum (þ. á m. rekstraraðili og dótturfélög hans) njóti óeðlilegs fjárhagslegs ágóða eða forðist fjárhagslegt tap á kostnað lífeyrissjóðsins, hvort aðilar sem starfa fyrir lífeyrissjóðinn hafi hagsmuni af niðurstöðu af þjónustu við lífeyrissjóðinn og hvort þeir hagsmunir séu aðrir en hagsmunir lífeyrissjóðsins og hvort fyrir hendi sé fjárhagslegur hvati, eða annars konar hvati hjá starfsmönnum rekstraraðila eða tengdum aðilum, til þess að setja hagsmuni annars viðskiptavinar eða hóps viðskiptavina framur hagsmunum lífeyrissjóðsins.

Í reglum sjóðsins um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum er yfirlit yfir þá þætti starfseminnar þar sem hagsmunaárekstrar kunna að koma upp. Samhliða eru skráðar ráðstafanir gegn mögulegum hagsmunaárekstrum. Lífeyrissjóðurinn beitir viðeigandi ráðstöfunum til að takmarka hættuna á að viðkomandi hagsmunaárekstur eigi sér stað og koma í veg fyrir mögulegar skaðlegar afleiðingar. Með viðeigandi ráðstöfunum er átt við skipulagslegar og stjórnunarlegar aðgerðir sem taka tillit til allra þátta er tengjast starfsemi lífeyrissjóðsins. Rekstraraðili Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands, Landsbankinn hf., hefur sett sér stefnu um hagsmunaárekstra. Samkvæmt stefnunni beitir Landsbankinn viðeigandi ráðstöfunum til að takmarka hættuna á að hagsmunaárekstrar eigi sér stað. Í eigin áhættumati lífeyrissjóðsins frá júní 2025 er fjallað ítarlega um hagsmunaárekstra í tíu liðum. Í matinu fá fjórir liðir einkunnina 3 fyrir eðlislæga áhættu, þrír liðir einkunnina 4 og þrír liðir einkunnina 5. Að teknu tilliti til ráðstafana, úrbóta og mildunar áhættuþátta fá sjö liðir einkunnina 3 og þrír liðir einkunnina 4.

Það er mat stjórnar Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands að reglur sjóðsins um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum tryggi eins og kostur er að ekki komi upp hagsmunaárekstrar í rekstri sjóðsins.

Önnur mikilvæg atriði

Ársreikningur þessi er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands metur öll verðbréf á markaðsverði.

Á árinu 2025 ákvað stjórn lífeyrissjóðsins að óska eftir sameiningu við Frjálsa lífeyrissjóðinn. Í kjölfar samnings milli stjórnanna lífeyrissjóðanna sem samþykktur var í október 2025 var sameining borin undir sjóðfélaga LTFÍ á sjóðfélagafundi 13. nóvember 2025. Var tillaga stjórnar um sameiningu við Frjálsa lífeyrissjóðinn samþykkt og skyldi sameining miðast við 1. janúar 2026. Á þeim degi tekur Frjálsi lífeyrissjóðurinn við öllum eignum, réttindum og skuldbindingum LTFÍ, fyrir bæði samtryggingu og séreign, eins og þær standa á þeim degi samkvæmt uppgjöri 31. desember 2025. Við sameiningu sjóðanna og færslu réttinda og skyldna til Frjálsa lífeyrissjóðsins 1. janúar 2026 munu samþykktir Frjálsa gilda um réttindi og skyldur sjóðfélaga LTFÍ, sem þá færast yfir til Frjálsa lífeyrissjóðsins og verða sjóðfélagar í sameinuðum sjóði. Fjármála- og efnahagsráðuneytið staðfesti sameiningu og breyttar samþykktir vegna sameiningarinnar í desember 2025. Sameining sjóðanna er til skoðunar hjá Samkeppniseftirlitinu (SKE) sem hefur þó veitt heimild fyrir framkvæmd sameiningar í samræmi við ákvörðun sjóðfélagafundar.

Það er álit stjórnar sjóðsins að allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. apríl 2026

Stjórn

Sigurgísli Ingimarsson

Gísli Vilhjálmsson

Heiðdís Halldórsdóttir

Valdís Maselía Þórðardóttir

Sæmundur Pálsson

Framkvæmdastjóri

Ólafur Páll Gunnarsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðsfélaga Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2025, efnahag hans 31. desember 2025, breytingu á handbæru fé á árinu 2025 og tryggingafræðilegri stöðu 31. desember 2025, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Álit okkar er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar í samræmi við 11. gr. reglugerð Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Eftir okkar bestu vitund, þá höfum við ekki veitt lífeyrissjóðnum neina óheimila þjónustu sem endurskoðendur lífeyrissjóðsins samanber lista yfir óheimila þjónustu sem tilgreind er í 5.1. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu við endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins árið 2025. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig

a) Mat og tilvist á eignarhlutum í félögum, sjóðum og skuldabréfum

Verðmæti eignarhluta í félögum og sjóðum nam 5.967,6 m.kr. og verðmæti skuldabréfa nam 4.734,4 m.kr. í árslok 2025. Mat og tilvist þessara eigna telst vera lykilaatriði við endurskoðun okkar þar sem um stærsta einstaka lið reikningsskilanna er um að ræða. Við endurskoðun okkar þá staðfestum við mat og tilvist fjárfestinga með ytri staðfestingum, yfirforum mat stjórnenda og lögðum mat á eignaflokkun í ársreikningi og viðeigandi skýringar.

b) Mat á lífeyrisskuldbindingu

Lífeyrisskuldbinding sjóðsins nam 6.276,4 m.kr. í árslok 2025 samanborið við 5.797,9 m.kr. í árslok 2024. Tryggingafræðileg staða nam -1,6% í lok árs 2025 þar sem skuldbindingar voru umfram eignir samanborið við -3,8% í lok árs 2024. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er reiknuð af tryggingastærðfræðingi sem er ekki starfsmaður sjóðsins. Við endurskoðun okkar þá fengum við staðfestingu á óhæði frá tryggingastærðfræðingi og lögðum mat á hæfni hans, yfirforum ferlið við útreikninga auk þess sem að niðurstöður voru rýndar, framkvæmdum aðgerðir til þess að sannreyna forsendur og útreikninga, yfirforum næmnigreiningu, yfirforum yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2025 og tengdar skýringar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem sjóðurinn birtir, jafnt með ársreikningi sem og á öðrum vettvangi. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem sjóðurinn gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru m.a. skýrsla stjórnar sem fylgir ársreikningi og stjórnarháttayfirlýsing. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi sjóðsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Ráðning endurskoðanda

Við vorum upphaflega kosin sem endurskoðendur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands fyrir árið 2015 og höfum við verið endurkjörin á hverju ári síðan þá.

Reykjavík, 29. apríl 2026

Baker Tilly

Theodór Ingi Pálmason
endurskoðandi

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2025

	Skýr.	2025	2024
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		165.701.067	163.057.496
Iðgjöld launagreiðenda		404.261.434	400.236.325
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		9.582.146	(1.450.402)
		<u>579.544.647</u>	<u>561.843.419</u>
Sérstök aukaframlög	3	0	1.944.869
		<u>579.544.647</u>	<u>563.788.288</u>
Lífeyrir			
Heildarfjárhæð lífeyris	4	436.826.552	280.372.527
Sérstök inngreiðsla inn á lán sjóðfélaga		13.565.763	13.995.964
Framlag í VIRK starfsendurhæfingarsjóð		3.185.059	3.098.627
		<u>453.577.374</u>	<u>297.467.118</u>
Fjárfestingartekjur			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	5	134.772.744	755.141.477
Hreinar tekjur af skuldabréfum	6	378.065.584	325.384.810
Vaxtatekjur og gengismunur af handbæru fé		15.049.446	16.518.874
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		1.232.884	1.604.806
Fjárfestingagjöld	7	(25.150.766)	(13.346.156)
		<u>503.969.892</u>	<u>1.085.303.811</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	8	105.663.787	46.985.017
		<u>105.663.787</u>	<u>46.985.017</u>
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		524.273.378	1.304.639.964
Hrein eign frá fyrra ári		<u>10.651.471.813</u>	<u>9.346.831.849</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		<u>11.175.745.191</u>	<u>10.651.471.813</u>

Efnahagsreikningur 31.12.2025

Eignir		2025	2024
Fjárfestingar			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	9	5.967.603.404	5.893.404.589
Skuldabréf	10	4.734.424.321	4.393.674.582
Veðlán	10	9.551.508	10.081.019
		<u>10.711.579.233</u>	<u>10.297.160.190</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur	15	27.270.177	19.498.344
Aðrar kröfur	16	82.769.821	77.335.080
		<u>110.039.998</u>	<u>96.833.424</u>
Handbært fé		<u>450.937.295</u>	<u>283.608.558</u>
	Eignir	<u>11.272.556.526</u>	<u>10.677.602.172</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Viðskiptareikningur brauta		0	0
Aðrar skuldir	17	96.811.335	26.130.359
	Skuldir	<u>96.811.335</u>	<u>26.130.359</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris alls		<u>11.175.745.191</u>	<u>10.651.471.813</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris alls			
Séreignardeild		8.084.923.907	7.784.015.973
Samtryggingardeild		3.090.821.284	2.867.455.840
		<u>11.175.745.191</u>	<u>10.651.471.813</u>

Yfirlit um sjóðstreymi 2025

	2025	2024
Inngreiðslur		
Iðgjöld	569.896.645	558.329.913
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	21.617.176	14.926.149
Aðrar inngreiðslur	69.154.792	(49.582.565)
	<u>660.668.613</u>	<u>523.673.497</u>
Útgreiðslur		
Lífeyrir	441.999.800	273.929.862
Rekstrarkostnaður	72.094.333	44.430.589
Viðskiptareikningur á milli brauta	24.912.839	(4.520.596)
Sérstök inngreiðsla inn á lán	13.565.763	13.995.964
Aðrar útgreiðslur	140.353.507	38.871.481
	<u>692.926.242</u>	<u>366.707.300</u>
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga	<u>(32.257.629)</u>	<u>156.966.197</u>
Fjárfestingahreyfingar		
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	22.186.551	30.703.331
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(621.997.115)	(1.334.650.466)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	674.732.487	1.156.336.868
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	453.767.069	401.970.431
Keypt skuldabréf	(1.180.208.885)	(780.147.699)
Seld skuldabréf	857.476.909	402.155.158
	<u>205.957.016</u>	<u>(123.632.377)</u>
Breyting á handbæru fé	<u>173.699.387</u>	<u>33.333.820</u>
Gengismunur af handbæru fé	<u>(6.370.650)</u>	<u>2.703.131</u>
Handbært fé í upphafi árs	<u>283.608.558</u>	<u>247.571.607</u>
Handbært fé í lok árs	<u>450.937.295</u>	<u>283.608.558</u>

Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2025

Tryggingafræðileg staða 2025

Eignir	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris	3.090.821.284		3.090.821.284
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa	-2.505.031		-2.505.031
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa	0		0
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar	0		0
Núvirði framtíðariðgjalda		3.090.554.810	3.090.554.810
Eignir samtals	<u>3.088.316.253</u>	<u>3.090.554.810</u>	<u>6.178.871.063</u>
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir	2.964.262.508	2.377.668.833	5.341.931.341
Örorkulífeyrir	218.802.588	230.302.277	449.104.865
Makalífeyrir	137.823.704	63.330.110	201.153.814
Barnalífeyrir	3.538.220	7.163.788	10.702.008
Rekstrarkostnaður	99.982.464	173.503.829	273.486.293
Skuldbindingar samtals	<u>3.424.409.484</u>	<u>2.851.968.837</u>	<u>6.276.378.321</u>
Eignir umfram skuldbindingar	-336.093.231	238.585.973	-97.507.258
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	-9,8%	8,4%	-1,6%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	-7,5%	0,6%	-3,8%

Tryggingafræðileg staða 2024

Eignir	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris	2.867.455.840		2.867.455.840
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa	28.856.252		28.856.252
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa			0
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar			0
Núvirði framtíðariðgjalda		2.683.488.827	2.683.488.827
Eignir samtals	<u>2.896.312.092</u>	<u>2.683.488.827</u>	<u>5.579.800.919</u>
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir	2.590.372.436	2.078.150.359	4.668.522.795
Örorkulífeyrir	324.707.797	380.527.516	705.235.313
Makalífeyrir	131.291.256	60.638.933	191.930.189
Barnalífeyrir	4.008.448	11.522.255	15.530.703
Rekstrarkostnaður	79.715.691	136.266.223	215.981.914
Skuldbindingar samtals	<u>3.130.095.628</u>	<u>2.667.105.286</u>	<u>5.797.200.914</u>
Eignir umfram skuldbindingar	-233.783.536	16.383.541	-217.399.995
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	-7,5%	0,6%	-3,8%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	-10,0%	-0,9%	-5,9%

Skýringar

1. Starfsemi

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands er ætlaður starfandi tannlæknum og mökum þeirra sem ekki er að lögum skylt að vera í öðrum lífeyrissjóði. Sjóðurinn skiptist í séreignar- og samtryggingardeild. Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 127/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Samtrygging

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum laganna. Aðilar að Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands eru starfandi tannlæknar og makar þeirra. Samkvæmt fjárfestingarstefnu 2025 er stefnt að því að fjárfesta 46,0% í innlendum skuldabréfum, 7,0% í skráðum innlendum hlutabréfum, 2,0% í innlendum sérhæfðum fjárfestingum og 45,0% í skráðum erlendum hlutabréfum.

Séreignardeild

Lífeyrissjóðurinn tekur við viðbótariðgjöldum sjóðfélaga. Sjóðfélögum í lífeyrissjóðnum ásamt öðrum sem þess óska er frjálst að greiða viðbótariðgjöld í séreignasjóðinn. Stefnt er að góðri langtímaávöxtun en sveiflur í ávöxtun geta orðið nokkrar yfir skemmra tímabil. Samkvæmt fjárfestingarstefnu 2025 er stefnt að því að fjárfesta 46,0% í innlendum skuldabréfum, 7,0% í skráðum innlendum hlutabréfum, 2,0% í innlendum sérhæfðum fjárfestingum og 45,0% í skráðum erlendum hlutabréfum.

Lífeyrisréttindi

Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda í samtryggingu ávinnur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris. Réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 70 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira og leitt hefur til tekjuskerðingar. Andist sjóðfélagi, eiga eftirlifandi maki og börn rétt á lífeyri úr sjóðnum. Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda en hún er aldurstengd. Lífeyrissjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar í samtryggingu með eignum sínum. Árlega er gerð tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins og getur hún haft áhrif á lífeyrisréttindi því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

Lífeyrisréttindi í séreignardeild miðast við innborguð iðgjöld rétthafa ásamt þeirri hreinu ávöxtun sem fengist hefur á iðgjöldin. Heimilt er að hefja töku frjálsrar séreignar þegar rétthafi er orðinn 60 ára en þó ekki fyrr en tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign.

Greiðsluleiðir

Munur greiðsluleiðanna liggur í því hvernig lögbundið iðgjald sjóðfélaga skiptist á milli samtryggingar, bundinnar séreignar og frjálsrar séreignar. Allt iðgjald umfram lögbundið lágmarksiðgjald fer í séreign. Frjáls séreign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri. Bundin séreign er laus til útborgunar frá 70 ára aldri og greiðist með jöfnum greiðslum til þess tíma er greiðslur úr samtryggingu hefjast. Val útgreiðsluleiðar ræður því hvenær greiðslur úr samtryggingu hefjast. Frjáls séreign og bundin séreign eru að fullu eign sjóðfélagans og erfist samkvæmt erfðalögum. Greiðsla lífeyris úr samtryggingu hefst við 70 ára aldur, eða síðar, eftir því hvaða útgreiðsluleið er valin, og greiðist til æviloka. Samtryggingin tryggir sjóðfélögum ævilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Starfræksla sjóðsins

Landsbankinn hf. annast starfrækslu lífeyrissjóðsins samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og bankans. Skrifstofa sjóðsins er að Reykjastræti 6, 101 Reykjavík.

Skýringar

1. Starfsemi (framhald)

Áhættustýring

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands fylgir áhættustefnu og áhættustýringarstefnu. Stefnurnar eru byggðar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Í áhættustefnunni er skilgreindur áhættuvilji og áhættuþol lífeyrissjóðsins, skilgreining á þeim áhættuþáttum sem snerta sjóðinn og hvernig skuli greina, meta, vakta og stýra þeirri áhættu sem sjóðurinn tekur. Í áhættustýringarstefnunni er þeim aðferðum lýst sem sjóðurinn styðst við til að greina, meta og vakta þá áhættuþætti sem áhættustefnan nær til. Áhættuþáttum er snúa að rekstri sjóðsins er skipt í sex yfirflokk: fjárhagsáhættu, lífeyristryggingaráhættu, mótaðilaáhættu, lausafjáraáhættu, rekstraráhættu og áhættu tengdri sjálfbærni. Hver yfirflokkur skiptist síðan niður á undirflokk. Eftirlit með áhættuþáttum er á hendi ábyrgðaraðila áhættustýringar lífeyrissjóðsins.

Með fullnægjandi áhættustýringu og innra eftirliti hjá sjóðnum aukast líkur á að starfsemi og tryggingafræðileg staða hans sé í ásættanlegu horfi með hliðsjón af hagsmunum sjóðfélaga. Horft er til þess að áhættustýring sé ferli sem stuðlar að aukinni meðvitund um þá áhættuþætti sem snúa að sjóðnum, skilvirkni og árangri, ásamt því að stuðla að því að lögum og reglum sé framfylgt. Árangursríkt áhættustýringarferli samanstendur af áhættustefnu, áhættustýringarstefnu, ferli og skýrslugjöf þar sem megintilgangur er að greina, mæla, fylgjast með og meta, í samfellu sem og eftir atvikum greiningu, allar áhættur sem snúa að sjóðnum. Þegar vart verður við tiltekna áhættu þarf að taka meðvitaða ákvörðun um það hvort forðast skuli áhættuna, draga úr áhættunni, yfirfæra áhættuna yfir á gagnaðila eða taka meðvitað áhættuna. Áhættustýring er ferli sem er samfíð daglegum rekstri og ákvarðanatöku innan sjóðsins og skulu allir starfsmenn vera meðvitaðir um þær áhættur sem snúa að sjóðnum.

Lífeyristryggingaráhætta er skilgreind sem hættan á að lífeyrissjóður vanmeti lífeyrisskuldbindingar vegna vanmats eða óvissu tengdum lýðfræðilegum þáttum, svo sem forsendum um dánar- og örorkutíðni auk forsendna um vexti og verðbólgu. Lífeyristryggingaráhætta nær aðeins til samtryggingardeildar. Undirflokkar lífeyristryggingaráhættu eru: áhætta tengd eigna og skuldbindingarjöfnuði, lýðfræðileg áhætta og iðgjaldaáhætta.

